

3  
15.  
jan.

*Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vestur-umdæminu um sveit-  
arstyrk handa þurfamanni. —* Með brjefi frá 10. apríl 1874 úrskurduðu þjer, herra amtmaður, að Biskupstungnahreppi sem framfærsluhreppi Magnúsar Ögmundssonar bæri að endurgjalda Villingaholtshreppi styrk þann, er hinn síðarnefndi hreppur hefði veitt nefndum þurfamanni, að frádregnum 20 rd., og meðtók jeg, eptir að Biskupstungnahreppur hafði áfrjæð þessum úrskurði, með brjefi yðar frá 29. nóvbr. f. á. ýmsar skýringar um málið, sem jeg hafði beiðzt.

Magnús sá, er hjer á í hlut, er fæddur í Biskupstungnahreppi og flutti sig vorið 1861 þaðan í Villingaholtshrepp; þar hefir hann síðan dvalið, og var honum veturinn 1870—71 veittur styrkur úr sveitarsjóði í þessum hreppi; en Biskupstungnahreppur hefir fyrst og fremst getið þess, að styrkur þessi muni hafa verið boðinn Magnúsi að eins til að varna því, að hann áynni sjer sveit í Villingaholtshreppi með 10 ára dvöl sinni þar, og því næst farið því fram, að engin heimild hafi verið til þess að veita honum hinn nefnda fátækra styrk, þar sem hann hafi átt, þá er hann þáði styrkinn, skepnur, bú-áhöld og sjenáðar- og geymsluhús, er hljóti að hafa verið um 300 rdla virði.

Hvað nú fyrst snertir spurninguna um það, hvort Villingaholtshreppur hafi boðið Magnúsi eða troðið upp á hann styrki þeim, sem honum var veittur á hinum síðasta vetri af 10 ára dvöl hans í hreppnum, þá hefir ekkert komið fram þessu til styrkingar við rjettarpróf, sem átt hefir verið um þetta atriði; en það virðist þvert á móti nægilega sannað, að hann hafi sjálfur beiðzt styrksins. Úrslit málsins eru því komin undir því, hvort heimild hafi verið til að taka þessa beiðni til greina, þótt beiðandi hafi átt nokkrar eigur, er hefði mátt farga. Þess ber þá vel að gæta, að þurfallingur sá, sem hjer er um að ræða, var búandi, og átti fyrir mörgum ómögum að sjá, en þegar svo er ástatt, getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að fátækra stjórinn, ef hún hyggur, að sá, sem kominn er í bjargarprot, muni geta rjett við síðar, veiti honum svo mikla hjálp, að hann flosni ekki upp frá búi sínu, og verði með hyski sínu sveit sinni því þyngri ómagi. Ekkert hefir nú komið fram um, að eignir optnefnds þurfallings hafi, í samanburði við skuldalið það, er honum bar fram að læra, verið meiri, en hann gat minnst komist af með, ef hann hefði átt að halda áfram búi sínu, og það virðist því ekki vera ástæða til að halda, að önnur ráð hafi verið til að bæta úr bjargarprotum þeim, er hann var kominn í, en að veita honum styrk þann, er hann fekk.

Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, skal yður, herra amtmaður, tjáð, til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að úrskurður sá, er þjer hafid lagt á málið, skal óraskaður standa.

4  
17.  
jan.

*Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vestur-umdæminu um uppgjöf á þjóðjarðarlandsskuld. —* Með þóknanlegu brjefi frá 5. jan. þ. á. hafid þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef umboðsmanns Kirkjuhæjar og Þykkvabæjarklausturs með fylgiskjölum, þar sem þess er farið á leit, að ábúanda umboðsjarðarinnar Hraunbæjar í Álptaveri, Jóni Jónssyni, verði gefin upp landsskuld fyrir yfirstandandi fardagaár, í notum þess, að hann síðastliðið vor mokaði af tíni ábylisjarðar-sinnar sandi, er á það hafði fokið. Hafid þjer getið þess, að þjer á embættisferð yðar 1874 hafid skodað jörð þessa, og að hún þá virtist vel setin, en að auðsjeð væri, að land hennar hefði á síðari árum gengið allmikið af sjer. Þjer leggið því það til, að hin umrædda uppgjöf verði veitt, og nemur hún, eptir því, sem þjer skýrið frá, 50 álnum, að hálfu goldnum í tólg, en

að hálfu með 8 sk. fyrir hverja alin, eða í peningum alls 12 kr. 54 e., en sandmoksturinn hefir verið metinn 54 dagsverk.

Fyrir þessa sök skal yður tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg eptir málavöxtum fellst á þessa tillögu yðar.

4  
17.  
jan.

*Brjef landshöfðingja til biskups um útbýtingu á styrktarfje handa uppgjafaprestum og prestaekkjum. — Með þessu brjefi skipti landshöfðingi, eptir að hann hafði meðtekið tillögur biskups, þeim 2000 krónum, er með 13. gr. A. b, 3. fjárlaganna frá 15. oktbr. f. á. hafa verið veittar prestaekkjum og börnum þeirra, og til styrktar fátökum uppgjafaprestum og prestaekkjum á ári því, er nú stendur yfir, svo sem nú skal greina:*

5  
17.  
jan.

#### A. Uppgjafaprestum.

1. Sira Guðmundi Torfasyni frá Torfastöðum í Biskupstungum 100kr.
2. — Þorleifi Jónssyni frá Hvammi í Hvammssveit . . . . . 40 —

#### B. Prestaekkjum.

- 1. Kristínu Gunnarsdóttur frá Desjarmýri . . . . . 52 —
- 2. Sigríði Jónsdóttur frá Skinnastöðum . . . . . 60 —
- 3. Guðlaugu Gottormsdóttur frá Skeggjastöðum . . . . . 20 —
- 4. Björgu Magnúsdóttur frá Dvergasteini . . . . . 30 —
- 5. Þorbjörgu Jónsdóttur frá Kolfreyjustað . . . . . 52 —
- 6. Helgu Guðmundsdóttur frá Eydölum . . . . . 20 —
- 7. Margrjetu Magnúsdóttur frá Skorrastað . . . . . 58 —
- 8. Sigríði Benidiktsdóttur frá Einholti . . . . . 52 —
- 9. Guðrúnu Ingvarsdóttur frá Eyvindahólum . . . . . 44 —
- 10. Guðnýju Jónsdóttur frá Kálfholti . . . . . 60 —
- 11. Guðrúnu Þorvaldsdóttur frá Reynivöllum . . . . . 38 —
- 12. Elínu Ögmundsdóttur frá Vogsósum . . . . . 80 —
13. Steinunni ekkju sira Jóns Melsteðs á Klausturhólum . . . . . 20 —
- 14. Ingibjörgu ekkju sira Gísla Thórarensens á Stokkseyri . . . . . 28 —
- 15. Guðrúnu Jónsdóttur frá Mosfelli . . . . . 40 —
- 16. Kristínu Eiríksdóttur frá Efriholtáþingum . . . . . 40 —
- 17. Kristínu Jónsdóttur frá Þykkvabæjarklaustri . . . . . 82 —
- 18. Margrjetu Narfadóttur frá Glæsibæ . . . . . 85 —
- 19. Kristjónu ekkju sira Einars Sæmundssonar í Stafholti . . . . . 54 —
- 20. Þórunni Asgrímsdóttur frá Helgafelli . . . . . 32 —
- 21. Helgu Pálsdóttur frá Reynivöllum . . . . . 53 —
- 22. Solveigu Markúsdóttur frá Stokkseyri . . . . . 28 —
- 23. Helgu Magnúsdóttur frá Glæsibæ . . . . . 40 —
- 24. Guðlaugu Eiríksdóttur frá Reynivöllum . . . . . 44 —
- 25. Helgu Guðmundsdóttur frá Borg . . . . . 85 —
- 26. Sigríði Ingimundardóttur frá Otrardal . . . . . 34 —
- 27. Helgu Arnfinnsdóttur frá Breiðabólstað í Vesturhópi . . . . . 44 —
- 28. Elínu Einarsdóttur frá Þingeyraklaustri . . . . . 87 —
- 29. Guðrúnu Pálsdóttur frá Gufudal . . . . . 36 —

Hín